



Grundaskóli
Akranesi



P Ú L S I N N

SKÓLABLAÐ GRUNDASKÓLA
1. tbl. - 18. árg. - Júní 2013

Kveðja frá skólastjóra

Ágætu lesendur. Árlega gefur Grundaskóli út skólablaðið Púlsinn. Undanfarin ár hefur blaðið eingöngu verið í rafrænu formi og birst á heimasíðu skólans. Umsjón með útgáfunni hafa þau Margrét Ákadóttir og Valgarður L. Jónsson, umsjónarkennarar á unglingastigi.

Efni Púlsins er fjölbreytt sem fyrr en markmiðið fyrst og fremst að lýsa skólastarfinu í máli og myndum enda frá mörgu að segja. Í skólanum eru rúmlega 600 hressir og skemmtilegir nemendur sem setja svip sinn á líf og starf allra sem hér eru. Einnig starfa við skólann um það bil 90 starfsmenn sem leggja sig fram með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Haft hefur verið á orði að Grundaskóli sé stærsti vinnustaður kaupstaðarinnar þegar allir eru taldir með, bæði nemendur og starfsfólk.

Þeir sem leggja leið sína um skólann átta sig fljótt á því að þar er þröng á þingi. Nú er svo komið að skólahúsnæðið dugar ekki leng-

ur til að hýsa alla starfseminu og í sumar verður byggð önnur laus kennslustofa við skólann. Hugmyndin er að þar verði búið sérstaklega vel að kennslu í náttúrufræði en nokkur ár eru nú liðin síðan kennslustofa í náttúrufræði var tekin undir almenna kennslu vegna nemendafjölda. Þrátt fyrir ákveðinn húsnæðisvandahefurnáttúrufræðisamnáð að dafna sem er gott og mikilvægt.

Starfshópur á vegur Akraneskaupstaðar mun á næstu vikum eða mánuðum skila tillögum til bæjaryfirvalda um framtíðarsýn í skólamáli á Akranesi. Hópurinn hefur í vetur átt samræður við alla þá sem eiga hagsmuna að gæta. Það verður fróðlegt og spennandi



að sjá hverjar tillögurnar verða. Framtíð Grundaskóla getur ráðist af því hver umrædd framtíðarsýn verður. Það mun þó varla breyta þeirri grundvallarhugsun að skólastarfið sé framsækið og metnaðarfullt, að allir leggi sig fram og geri ávallt sitt besta.

*Hrönn Ríkharðsdóttir,
skólastjóri.*



PÚLSINN

Skólablað

Grundaskóla, Akranesi

Ábm.:

Hrönn Ríkharðsdóttir



Grundaskóli

Akranesi

Heimasíða Grundaskóla:

www.grundaskoli.is

Netfang Grundaskóla:

grundaskoli@akranes.is

Tröll og tilfinningar í 1. bekk

Ívetur höfum við í 1. bekk unnið nokkur þemaverkefni, eitt af þeim var verkefni um tröll og tilfinningar.

Meginviðfangsefni þemans var að vinna með tilfinningar nemenda og tengja það ævintýraheimi tröllanna í gegnum læsisvinnu. Fljótt á litid gætu þessir tveir heimar, þ.e. tilfinningarheimur nemenda og hinn ógnandi tröllheimur vírst ósamræmanlegir en þegar betur er að gáð heyja tröllin sín tilfinningastríð líkt og fólkið í mannheimum. Þessir tveir heimar eiga því margt sameiginlegt og gaman að tengja þá saman á þessum tilfinningalegu nótum.

Unnið var með tilfinningarnar gleði, leiða, svengd, einmanaleika, reiði og ótta.

Tilgangur þessarar vinnu var að nemendur lærðu að þekkja betur tilfinningar sínar og að bregðast við þeim á jákvæðan og uppbyggjandi hátt.

Við lásum tröllasögur, ræddum saman, teiknuðum myndir og skrifuðum texta við þær, bættum nýjum orðum við orðaforða okkar yfir hverja tilfinningu, sömdum stutta leikþætti, gerðum kannanir og Þóra sögukona sagði okkur söguna um skessuna Reiði.

Árdís Dögg, Ásta Egils, Hildur Karen og Krístrún Dögg.



Fjölmörg verkefni í 2. bekk

Við í 2. bekk höfum verið mjög iðin í vetur. Við höfum m.a. útbúið Stóru bókina. Í henni eru fjölmörg verkefni sem við höfum unnið í 1. og 2. bekk. Hún fjallar um okkur sjálf, hvernig við urðum til og hvernig við höfum stækkað og þroskast. Þar er fjallað um líkamann, tilfinningar, fjölskylduna, heimilið og ólík hlutverk sem við gegnum. Einnig eru í henni verkefni um skólann nú og áður fyrr. Öllum þessum verkefnum hefur fylgt heilmikil vinna, miklar umræður og fleira á liðnum vetrum. Vinnan hefur verið mjög yfirgripsmikil og ein lokaafurðin af hverju verkefni er í bókinni.

Við lærðum einnig heilmikið um Akranes í gamla daga og gerðum kvikmynd með kennurunum okkar sem var frumsýnd í skólalok. Við erum öll ótrúlega stolt af afrekum vetrarins og biðum spennt eftir að komast í 3. bekk!



P
Ú
S
-
L
-
Z
Z



Þróunarverkefni í 3. bekk

Í vetur höfum við unnið að þróunarverkefninu *Einn fyrir alla og allir fyrir einn – Leikum og lærum saman*. Meginmarkmiðið var að kynna öllum nemendum og þörfum þeirra, bæði sem einstaklingum og sem þátttakendum í samfélagi nemenda, áður en þeim var skipt upp í fasta hópa.

Tókum við á móti árgangnum sem einni heild og höfum unnið



með nemendum í breytilegum hópum í vetur þar sem skiptingin hefur byggst á mismunandi forsendum.

Starfið hefur gengið vel. Nemendur hafa kynnst vel inn-

byrðis og virðist ekki skipta máli hver tilheyrir hvaða hópi, árgangurinn er ein eining. Að okkar mati eru það forréttindi að eiga þess kost að byggja upp og taka þátt í slíku starfi.



Náttúrufræðitilraunir í 4. bekk

með loft, vatn, ljós og rafmagn



Við kveikjum á nokkrum kertum og hvolfum mismunandi stórum krukum yfir þau. Á hvaða kertum slokknar fyrst og hvers vegna?



Við fyllum glas af vatni, leggjum pappaspjald yfir og hvolfum síðan glasinu. Hvers vegna hellist ekkert niður?



Við erum að vinna með rafhlöður, perur, víftur, rofa, leiðara o.fl.



Við setjum vatn í flösku sem gat er á og vatnið lekur út um gatið. Hvað gerist þegar við setjum höndina yfir stútinn á flöskunni?



Hvað gerist ef við setjum vatn í skál með logandi kerti sem stendur upp úr vatninu og hvolfum síðan krukku yfir kertið?



Við setjum pening í skál, höllum okkur síðan aftur þangað til peningurinn í skálinni hverfur. Hvað gerist þegar við hellum vatni í skálina?

Handverk og hönnun

– Val á unglíngastigi

Nemendur í handverki og hönnun hafa unnið margvísleg verkefni í vetur. Þegar andrúmsloftið er gott má búast við fallegum og vel gerðum hlutum, sem afrakstur þessarar annar sýnis. Unnið hefur verið með verk í mosaik, kjólar og gallar saumaðir ásamt hinum ýmsu verkum sem hönnuð hafa verið í smíðastofunni.

Flest þessara verka voru til sýnis á göngum skólans, nemendum og öðrum gestum til yndisauka.



Hefðbundin verkefni í 5. bekk

Ferðir Leifs heppna

Nemendur í 5. bekkjum Grundaskóla eru að læra um landnám Íslands og lífshætti víkinga á landnámsöld. Nemendur vinna verkefni úr sögurammanum um ferðir Leifs heppna og fjölskyldu hans. Börnin setja sig í spor fólks á landnámsöld með því að fræðast um hvernig landnemarnir þurftu að búa allt til frá grunni t.d. hús, fatnað, áhöld, mat og fleira. Hefð er fyrir því í Grundaskóla að vinna vikingabók á þessum aldri sem öll verkefni eru sett í. Bækurnar voru m.a. unnar í textiltímum undir dyggri yfirstjórn Friðriku Eyglóar Gunnarsdóttur textilkennara.



ABC-hjálparstarf

Annað hefðbundið verkefni sem unnið er í 5. bekk er söfnunarkerfnið ABC- hjálparstarf, Börn hjálpa börnum. Nemendur fengu kynningu á því til hvers féð sem þeir safna rennur. Féð verður notað til þess að efla skólagöngu fátækra götubarna víða um heim. Börnin stóðu sig mjög vel í þessu verkefni og söfnuðu rúmlega fjögur hundruð þúsund krónum sem munu renna til málefnsins.



Læri um Leif Eiríksson í 6. bekk

Eiríksstaðir

Ívetur hefur 6. bekkur verið að læra um Leif Eiríksson og gerðu nemendur bók um hann. Fimmtudaginn 23. maí fór árgangurinn í ferð á Eiríksstaði þar sem nemendur upplifðu og sáu hluti frá þeim tíma. Við fórum einnig í heimsókn á Stóra Vatnshorn þar sem við fengum að sjá lömb fæðast. Ferðin var mikið ævintýri og ekki skemmdi fyrir að önnur rútan bilaði á leiðinni.



Dagur umhverfisins

Við í 6. bekk vorum beðin um að taka þátt í verkefni sem m.a. snýst um að hreinsa Langasand. Akraneskaupstaður er að sækja um að gera Langasand að bláfánaströnd sem er alþjóðleg umhverfisviðurkenning og þótti okkur spennandi að fá að taka þátt í þessu verkefni. Nánari upplýsingar um verkefnið er á síðunni <http://landvernd.is/blafaninn/>.

Krakkarnir okkar stóðu sig að sjálfsögðu vel við að tína rusl með samnemendum sínum úr Brekkubæjarskóla í sól og fallegu veðri.



Sjóferð 6. bekkjar

Fimmtudaginn 16. maí buðu Faxaflóahafnir 6. bekk í sjóferð um Sundin blá. Við lögðum af stað frá Grundaskóla kl. 9:00 og vorum komin niður við Reykjavíkurhöfn rétt fyrir kl. 10:00 þar sem tekið var á móti okkur. Hópnum var skipt í þrennt og fór einn hópur í sjóferð meðan að hinir fengu að skoða Vík - Sjóminjasafnið og varðskipið Óðinn. Vel gekk á sjónum þrátt fyrir mikinn sjógang. Nokkrir urðu sjóveikir en jöfnuðu sig fljótt. Ferðin var mjög fræðandi og skemmtileg.




Óskaveröldin okkar

Óskaveröldin okkar er úrklippubók um allt á milli himins og jarðar. Óskaveröldin er lokaverkefnið okkar í 7. bekk og í hana fara allar umsagnir og einkunnir á vorönninni. Í þessari bók eru fyrst og fremst unnin verkefni af okkur nemendum. Sem dæmi eru verkefni um þarfirnar, þar þurftum að finna hvaða þörf passar okkur best og skrifa um hana og skreyta.

Í lífsleikni átti að teikna sinn eigin lífsvagn og svara spurningum um hvert maður vildi stefna í framtíðinni. Í stærðfræði þurfti að hanna sitt eigið draumahús og þar var lögð mest áhersla á mælingar og útlit. Í náttúrufræði áttum við velja okkur stjörnumerki og skrifa um það.

Enskan var mjög skemmtileg í ár, við áttum að hanna annað hvort skrímsli eða geimveru og það átti að lýsa henni, skrifa um hvað hún ætlaði sér að gera í framtíðinni og gera teiknimyndasögu eða skrifa sögu um ævintýri hennar.

Auk þessara verkefna eru dagbókarskrif úr Reykja-skóla ásamt hugtakakorti og myndum en þessi ferð er eitt af því eftirminnilegasta sem við gerum í skólanum. Í lok apríl komu krakkar frá Danmörku í heimsókn til okkar úr Lilleskolen. Danaheimsóknin var eitt af mörgu sem á að fara í bókina þar átti að gera hugtaka-



kort og segja frá heimsókninni og setja inn myndir.

Allir krakkarnir skrifa kafla um fjölskyldu sína og vini. Þau gera líka kafla um áhugamálin sín, staði sem þeim þykir vænt um, staði

smíði og máluðum og gerðum "graffiti" stafi í myndmennt.

Í óskaveröldinni er mikilvægt að maður vandi sig og geri sitt besta því þessi bók er eitthvað sem þú átt alltaf eftir að eiga og minna þig á árið þitt í 7. bekk. Það er mjög misjafnt hvort bókin er þykk eða þunn það fer mest eftir því hvort að þú leggur þig fram og vinnur þetta með áhuga eða ekki, en samt eru skylduverkefni sem allir þurfa að ljúka við.

Það var mjög skemmtilegt að gera þessa bók og hún verður eftirminnileg í alla staði. Við lögðum okkur öll fram og gerðum okkar besta og við eigum aldrei eftir að gleyma 7. bekk.

Júlia og Ylfa.



sem þá langar að koma á og staði sem þau hafa komið á.

Kápan utan um bókina var unnin í smíði og myndmennt, við þússuðum plötur og límdum í



Grundaskóli gerist heilsueflandi grunnskóli

Síðastliðið haust gerðist Grundaskóli heilsueflandi grunnskóli. Í kjölfarið var skipaður starfshópur. Í hópnum eru kennarar af hverju stigi auk fulltrúa úr hópi annarra starfsmanna. Nemendaráð skólans mun einnig koma að starfinu. Næsta haust mun verða beðið um fulltrúa úr röðum foreldra. Starfshópurinn skipa Eyrún Þorleifsdóttir fulltrúi yngsta stigs, Ingibjörg Eggertsdóttir fulltrúi miðstigs, Margrét Ákadóttir fulltrúi unglingsstigs, Halldóra Gylfadóttir fulltrúi almennra starfsmanna og Katrín Leifsdóttir er hópstjóri.

Starfshópurinn ákvað að hefjast strax handa og verkefnisstjóri heilsueflandi grunnskóla kom á skipulagsdegi og kynnti tilgang verkefnisins fyrir starfsfólki og afhenti skólanum plakat því til staðfestingar.

Verkefnið spannar mörg ár og á að styrkja og efla heilsu allra sem að skólanum koma. Verkefninu er skipt í átta meginþætti: Mataræði / tannheilsu, hreyfingu / öryggi, geðrækt, heimili, lífsleikni (tóbaksvarnir og áfengis- og vímuvarnir), nemendur, nærsamfélag, starfsfólk. Eins og sést á þessari upptalningu er verkefnið stórt.



Í vetur hefur starfshópurinn fundað að meðaltali hálfsmánaðar-

lega. Ákveðið var að fara hægt af stað og vinna að nokkrum smáum verkefnum tengdum hreyfingu.

Helstu verkefni vetrarins

Starfsfólk og um helmingur bekkja tók þátt í Lífshlaupinu í febrúar.

Starfshópurinn ásamt skólastjórnendum fóru yfir gátlista verkefnisins sem verður síðan notaður til að forgangsraða verkefnum.

Keyptar voru nokkrar gerðir af boltum, sippubönd, snúsnúbönd og fl. á öll stigin til að stuðla að aukinni og fjölbreyttari hreyfingu nemenda.

Fimmti bekkur gerði könnun á hreyfingu starfsfólks.

Starfsfólk tók þátt í leiknum Hjólað í vinnuna.

Á uppstigningardag hjóluðu 22 nemendur ásamt nokkrum starfsmönnum, foreldrum og gestum fyrir Hvalfjörð.

Næsta vetur verður unnið að því að forgangsraða verkefnum af gátlistanum.

Hér á síðunni má sjá myndir frá hjólaferð nemenda fyrir Hvalfjörð nú á vordögum.



Hrafnkelssaga í 8. bekk



Það er alltaf líf og fjör í 8. bekk. Nú í vor höfum við verið að lesa Hrafnkelssögu. Lokaverkefnið var að teikna mynd af atburði úr sögunni og yfirfæra á krossvið og lita með sérstökum litum. Myndirnar sýna vel hvernig nemendum gekk að túlka efni sögunnar.



P
Ú
S
-
Z
Z



Þemavinna í 9. bekk

Akranes, bærinn okkar

Þagana 21. – 24. maí unnu nemendur 9. bekkjar fjölbreytt verkefni tengd atvinnuvegum, bæjarskipulagi og uppbyggingu á Akranesi í nútíð og framtíð. Í stuttu máli sagt, þá gáfum við okkur ákveðnar ímyndaðar forsendur og síðan snerust verkefni nemenda um það að koma fram með tillögur um uppbyggingu og atvinnustarfsemi á ákveðnum svæðum í bænum. Þannig máttu nemendur til dæmis ímynda sér að í kjölfar þess að Sementsverksmiðjan yrði fjarlægð, myndaðist álitlegt svæði til uppbyggingar í hjarta bæjarins. Einnig máttu nemendur koma með tillögur um uppbyggingu og þjónustu við höfnina eða Langasand, uppbyggingu íþróttamannvirkja eða aðra uppbyggingu á atvinnustarfsemi hvar sem er á Akranesi.



Það er skemmt frá því að segja að verkefni nemenda voru afar fjölbreytt og skemmtileg svo ekki sé meira sagt. Mikið var lagt upp úr myndrænni framsetningu, til dæmis með teikningum, líkana-smíð eða tölvugrafík.

Föstudaginn 24. maí buðu nemendur svo foreldrum sínum að koma í skólann, hlýða á kynningar nemenda á sínum verkefnum og skoða afraksturinn. Það mátti heyra á foreldrum að þeir voru ánægðir með afraksturinn og leist vel á hugmyndir krakkanna um framtíð atvinnulífs, ferðaþjónustu og uppbyggingar á Akranesi. Það er því ljóst að Akranes verður í góðum höndum þegar þessi upprennandi kynslóð tekur við stýrinu.

Það er ljóst að Akranes verður í góðum höndum þegar þessi upprennandi kynslóð tekur við stýrinu.



Kveðja frá árgangi 1997

Nú eru liðin 10 ár síðan við stigum okkar fyrstu skref inn í þennan frábæra skóla, lítil og óreynd. Margir hafa bæst við í hópinn á þessum árum og urðu þeir strax hluti af fjölskyldunni.

Hildur Karen og Sibba tóku við þessum yndislega hópi og létu okkur ekki frá sér fyrr en í 5. bekk, svo æðisleg vorum við. Á þessum 5 árum áttum við óteljandi frábærar stundir, til dæmis má nefna kyssó í frímínútunum sem stóð yfir í heil þrjú ár, allar árhátíðarnar og auðvitað stóra bókin!

Hildur og Sibba vildu gera árganginn nánari, svo þær komu með þá frábæru hugmynd að gera einn bekk úr öllum árgangnum, sem við köllum stóra bekkinn. Það var mikil áskorun fyrir þær, vegna þess að við vorum bæði ung og spræk. Þá var tekið upp á því að hafa hreyfistund einu sinni í viku til þess að setja hömlur á alla villingana. Við vorum einnig mjög

listræn og þess vegna var haldin hæfileikakeppnin Láttu ljós þitt skína annan hvern föstudag.

Í 4. bekk förum við í gang með skemmtilegt verkefni sem kallað var heitt og kalt land, þar sem við lærðum um, eins og nafnið gefur til kynna, heit og köld lönd.

Umferðarverkefnið í 5. bekk var skemmtilegt og spennandi verkefni, þar sem reyndi bæði á frumlegheit og samvinnu árgangsins. RUV ákvað að kíkja í heimsókn og komust heppnir aðilar í sjónvarpið.

Í 6. bekk tóku nýir kennarar við með bros á vör vegna þess að við vorum með svo gott orðspor. Hin ógleymanlega Skorraddalsferð var farin í 6. bekk, þar sem spilaður var fatapóker undir stjórn Viktoríu, sem ætlaði sér alls ekki að tapa, og því var hún klædd eins og hún væri á leiðinni á Norðurljólinn. Það var einnig haldin tiskusýning þar sem menn skemmtu sér konunglega.

7. bekkur, sem var tími Adidas, Carhartt og mikillar gelgju, mun seint gleymast. Næstum allur tíminn fór í bið eftir Reykjaskóla, og þegar sá tími rann loksins upp var mikill spennningur í fólkinu. Það sem einkenni ferðina var fyrst og fremst þælingar gagnvart hinu kyninu í hinum skólunum, sérstaklega hjá Grundó-stelpunum, þar sem engin nöfn eru nefnd. Einnig var mjög mikið um nammismygl þar sem það mátti ekki taka með sér nammi, og ekki voru allir sáttir við þá ákvörðun. Svo má ekki gleyma að ónefndir aðilar héldu herbergispartý á neðri hæðinni þar sem öllum var boðið! Því miður voru engin diskóljós, en máluðum var reddað með því að sprengja ljósaperuna í herberginu. Á meðan á partýinu stóð, sátu nokkrir ónefndir aðilar inni í herberginu sínu og grétu úr sér augun vegna heimþrjár. Þegar það var kominn tími til að kveðja ríkti mikil sorg og tárin voru ekki spöruð.

Í 8. bekk fór allt að gerast. Fyrstu böllin og mótin skulu á, og var það mjög spennandi! Það sem var þó enn meira spennandi, voru strákarnir í 10. bekk. Ekki má svo gleyma sögunum hennar Steinunnar sem virtust vera endalausar. Ný stelpa kom í árganginn sem greip athygli Hafþórs við fyrsta skref sitt inn í skólastofuna. Stelpurnar sem höfðu verið skotnar í Hafþóri síðan í 5. bekk urðu alls ekki sáttar, en skiptu þó um skoðun þegar þær sáu hversu vel þau áttu saman.

9. bekkur var frekar rólegur og ekkert mikið um að vera. Samt var aldrei rólegt í frímínútunum þar sem 8. bekkur var vel virkur í hamaganginum, okkur til mikils ama, af því að við vorum alls ekki svona slæm þegar við vorum í 8. bekk. Ónefnd ljóska kom sterk inn í 9. bekk með klaufaskapinn sinn sem sló öll met þegar hún datt út um gluggann í brauðsölunni.



10. ÍA Aftasta röð f.v.: Patryk Michalek, Kristófer Daði Gardarsson, Brynja Rún Björnsdóttir, Þórey Petra Bjarnadóttir, Matthías Ingi Sævarsson, Benedikt Rúnar Hermannsson, Allan Bjarki Jónsson, Friðrik Berg Sigbórsson.

Miðröð f.v.: Íris Adalsteinsdóttir umsjónarkennari, Elísa Björk Jóhannsdóttir, Einar Ágúst Hjálmarsson, Hrafn Darri Guðbjörnsson, Hafdís Dóra Gunnarsdóttir, Stefanía Berg Steinarsdóttir, Alexandra Bjarkadóttir, Indiana Líf Gunnlaugsdóttir. Fremsta röð f.v.: Klara María Jónsdóttir, Sólveig Rún Jónasdóttir, Emilía Björg Þórðardóttir, Lovísa Ósp Helgadóttir, Natalia Wasilewska, Asgerður Ásgrímsdóttir. Fjarverandi var: Sigurlaug Rún Hjartardóttir.



Loksins eftir 9 ára bið fórum við í 10. bekk! Þá voru böllin mun skemmtilegri því að við vorum elst og flottust. Stelpurnar hættu ekki að pæla í strákunum, en nú eiga '99 strákarnir alla þeirra athygli. 10. bekkjar lærdómurinn einkenndist mest af google, wikipedia og skilum á síðustu stundu. En þrátt fyrir það erum við öll að útskrifast í ár.

Þar sem þetta var seinasta árið okkar í grunnskóla er hefð fyrir því að við gerum árhátíðarmyndbandið. Það var bæði krefjandi og skemmtilegt.

Í lokaferðinni urðu til margar skemmtilegar minningar. Sem dæmi má nefna þegar Benedikt beitti Aron „hæmlikk“ aðferðinni og Aron prumpaði. Það má ekki gleyma hráu hamborgurunum sem fóru misvel í fólk. Íris var eftirsótt spákona í ferðinni og eru margir spenntir fyrir því að sjá hvort það muni rætast úr spádómum hennar. Kvöldvökurnar voru mjög skemmtilegar, þar sem við sungum hátt og falskt undir fráberum gítarleik Kristins. Fjallanganan fór líka misvel í fólk, þar sem sumir kvörtuðu alla leiðina upp og kysstu svo jörðina þegar við komum niður.

Eftir ferðina voru allir nánari og mikil stemmning var fyrir loka-

ballinu, þar sem stelpurnar þurftu að kveðja uppáhalds '99 strákana sína.

Þessir seinustu dagar í Grundaskóla hafa verið ómetanlegir og viljum við þakka öllum

þeim kennurum og starfsfólki skólans sem hafa fylgt okkur þessi 10 ár.

*Fyrir hönd árgangsins,
Dóra Marín og Hafdís Dóra*



10.LK Aftasta röð f.v.: Auðun Ingi Ernisson, Bakir Anwar Nassar, Hafþór Pétursson, Kolbeinn Hróar Búason, Aron Þorbjörnsson, Adolf Freyr Halldórsson, Kristinn Bragi Garðarsson, Atli Vikar Ingimundarson.

Miðröð f.v.: Bryndís Rún Þórólfsdóttir, Veronica Líf Þórðardóttir, Heiður Ásgeirsdóttir, Paulína María Bialonczyk, Aníta Franklinsdóttir, Viktoría Gunnarsdóttir, Steinar Þorsteinsson, Mikael Máni Steinarsson.

Fremsta röð f.v.: Laufey Karlsdóttir umsónarkennari, Helgi Jónsson, Almar Knörr Hjaltason, Arni Þór Arnason, Thor M Delahanty, Sigurður Leó Arnarsson, Dóra Marín Karvelsdóttir.

Fjarverandi voru: Arnór Jónsson, Börkur Hrafn Sigurbjörnsson, Margrét Brandsdóttir, Stefania Ingólfsdóttir, Sigríður Ylfa Arnarsdóttir

Náttúrufræði



Áhugasamir nemendur að kryfja fisk.



Það er alltaf gaman að fá nemendur á öllum aldri í heimsókn í náttúrufræðistofuna.

Nemendur í 8. bekk fóru á kynningu hjá 4. bekk um reikistjörnurnar. Svo fóru allir 8. bekkingar í 3. og 4. bekk og kenndu þeim það sem þau voru að læra um himingeiminn. Hér er 4. ESÓ búinn að koma sér fyrir á gólfinu og tilbúinn að skoða stjörnuhimininn sem var varpað upp í loftið.



Krakkarnir á rannsóknabrautinni fóru í sauðburð á Ytri-Hólm, það er ómetanlegt að komast með unglíngana í sveit.



Nemendur í 9. bekk buðu 1. bekkjum í fuglaskodun í náttúrufræðistofunni. Eldri nemendurnir kenndu þeim yngri að greina fuglana og fræðast meira um þá. Einnig unnu þessir tveir aldurs hópar saman fuglaverkefni í tölvustofunni.



Eins og undanfarin ár þá fá nemendur í 9. bekk að eiga gluggann á vorin. Í vor sáðu nemendur ýmsum fræjum s.s. tómötum, basilíku, chilli o.fl. Krakkarnir fylgdust svo spennnt með plöntunum sínum vaxa og dafna.


Skapandi stærðfræði

Í marsmánuði var sett upp yfirlitssýning á verkum nemenda sem núna eru að ljúka 10. bekk í Grundaskóla. Þetta eru verkefni unnin í stærðfræði hjá Borghildi Jósúadóttur síðustu þrjú árin.

Sýningin var sett upp í safnaskálanum á Safnasvæðinu Akranesi og stóð í þrjú vikur. Uppistadan í sýningunni var lokaverkefni nemenda frá því í 8. bekk. Það verkefni hét „Hvað getur þú gert úr stafnum þínum“ og gekk út á það að búa til munstur úr fyrsta stafnum í nafninu sínu. Munstrin voru síðan unnin á marga vegu svo

sem máluð, lituð með trélitum eða vatnslitum og sumir saumðu krossaum.

Einnig voru á sýningunni glærusýningar um brotala, gullinsnið og munstur frá mörgum heimsálfum svo og Origami verkefni. Sett var upp leiksvæði á staðnum fyrir gesti og gangandi þar sem hægt var að leysa þrautir, prófa origami brot, byggja úr Polydron kubbum og lita mandala myndir. Einnig rúllaði glærusýning á staðnum með myndum af nemendum í leik og starfi í stærðfræðináminu síðustu þrjú árin.



Skólahreysti

Víð ákváðum strax í haust að nú ætluðum við okkur stóra hluti í Skólahreysti. Síðustu 3 ár höfum við ekki náð að komast í úrslitakeppnina í Laugardalshöll þannig að stefnan var sett á það.

Í kringum 25 krakkar byrjuðu að æfa í byrjun október og var áhuginn mikill. Um áramótin var hópurinn svo komin niður í 12 nemendur sem æfðu að krafti. Þau lögðu mikið á sig og ætluðu sér að standa sig. Undankeppnin fór fram í lok mars og voru það 6 nemendur sem tóku þátt í því. Það voru



þau Atli Víkar, Kristinn Bragi, Júlía Björk og Magðalena Lára sem kepptu fyrir Grundaskóla. Varamenn voru Hrafnhildur Arín og Bakir.

Mikil stemmning var í skólanum og mættu yfir 100 nemendur í Kópavoginn til að styðja krakkana. Þau stóðu sig gríðarlega vel og var markmiðinu náð, Grundaskóli komst í úrslitakeppnina í Laugardalshöll. Sú keppni fór fram í byrjun maí og æfði hópurinn sig stíft fram að þeirri keppni. Krakkarnir stóðu sig enn og aftur mjög vel og voru sér og sínum skóla til mikils sóma. Lokaniðurstaðan varð 6. sæti sem er frábær árangur.

Áfram Grundaskóli!



Kórastarf í Grundaskóla

Ívetur var boðið upp á kórastarf í Grundaskóla annað árið í röð. Nú eru tveir hópar starfandi þ.e. kór 3. og 4. bekkinga og kór miðstigsins. Um 50-60 nemendur tóku þátt í kórastarfinu þetta skólaár og voru æfingar einu sinni í viku hjá hvorum hóp undir stjórn Valgerðar Jónsdóttur, tónmennta-kennara.

Kórarnir komu fram við ýmis tækifæri t.d. við tendrun jóla ljósa á Akratorgi, á Dvalarheimilinu Höfða, öllum leikskólum bæjarins, í Brekkubæjarskóla og síðast en ekki síst á Árshátíð Grundaskóla sem og Litlu jólnum. Nú í apríl fór svo kór miðstigsins á Landsmót barnakóra í Kópavogi þar sem þau sungu fyrir troðfullu húsi í Salnum, tónlistarhúsi Kópavogsbúa.

Kórastarfið er góður vetvangur fyrir nemendur sem hafa áhuga á tónlist og söng og langar að fá þjálfun í að koma fram. Allir geta tekið þátt og mikið er lagt upp úr að hafa góðan anda í hópnum og



gleði og jákvædni höfð að leiðarljósi.

Tónmennt

Það er alltaf líf og fjör í tónmenntastofunni enda ekki annað hægt en að vera í stuði þegar tónlistin er annars vegar. Við byrjum tímana yfirleitt á söng og erum með ákveðið óskalaagakerfi þannig að allir fá að hafa áhrif á það hvaða lög eru sungin. Langflestir nem-

endur eru duglegir að syngja með og nánast allir hafa skoðun á því hvaða lög eru skemmtilegust. Allir árgangar æfa sig í hljóðfæraleik og gerum við ýmsar æfingar sem henta hverju aldurstigi auk þess sem nemendur æfa lög sem hæfa þeirra getu. Einnig kemur sköpunarþátturinn sterkt inn og fengu 3. bekkingar t.d. það verkefni að semja lag um plánetu, en 3. og 4. bekkur voru einmitt í þemavinnu með plánetur í vetur.

6. bekkur vann verkefnið *Á ferð um tónlistarsöguna* á haustönn. Verkefnið gekk út á það að nemendur tóku viðtal við ættingja sem var eldri en þau og komust að því hvaða tónlist viðkomandi hafði haldið uppá á yngri árum. Nemendur kynntu sér svo þessa tónlist og unnu veggspjöld með upplýsingum og myndum.

Nú undir skólalok verða svo haldnir tónleikar þar sem nemendur í 6. og 7. bekk koma fram sem hljóðfæraleikarar og söngvarar, en krakkarnir eru nú á fullu við æfingar og er mikill áhugi hjá þátttakendum.





1. bekkur stelpur

Aftasta röð f.h.: Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Karen Káradóttir, Ísafold Birgisdóttir, Krístrún Dögg Marteinsdóttir, Anna María Sigurðardóttir, Berþóra Edda Grétarsdóttir, Eygló Summa Kjartansdóttir, Magnea Sindradóttir, Elísa Daðadóttir, Hugrún Erla Arnarsdóttir, Árdís Dögg Orradóttir,

Miðröð f.h.: Sara Pálsdóttir, Guðbjörg Saga Hinriksdóttir, Auður María Lárusdóttir, Birna Rún Þórólfsdóttir, Lilja Björk Unnarsdóttir, Birta Marín Benediktsdóttir, Rákel Sif Stefánsdóttir, Gunnfríður Rákel Hannesdóttir, Líf Ramundt Kristinsdóttir, Helga Rós Ingimarsdóttir, Sýlvía Þórðardóttir.

Fremsta röð f.h.: Guðlaug María Hallgrímsdóttir, Gígja Kristný Stefánsdóttir, Alda Arunasdóttir, Ásdís Erlingsdóttir, Demi van den Berg, Salka Hrafn Elvarsdóttir, Katrín Þóra Þórðardóttir, Karen Þorgrímsdóttir.

Fjarverandi voru: Heiður Sara Arnardóttir, Ninja Sigmundsdóttir, Sara María Ármannsdóttir.



1. bekkur strákar

Aftasta röð f.v.: Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Máni Blær Sigurgeirsson, Viktor Daði Eggertsson, Hjörtur Hrafnsson, Hafþór Kári Atlason, Hlymur Örn Einarsson, Elvar Logi Guðjónsson, Gísli Hrafn Árnason, Rúnar Breki Óskarsson, Árdís Dögg Orradóttir, Hrannar Birgir Einarsson, Alex Máni Heidarsson, Ellert Kári Samúelsson, Krístrún Dögg Marteinsdóttir, Kristján Andri Valmundsson, Felix Heiðar Magnason.

Miðröð f.v.: Aron Benedikt Birgittuson, Gunnar Smári Sigurjónsson, Rúnar Sigurðsson, Viðar Sigurþórsson, Tristan Freyr Traustason, Konrad Gorajewska, Guðni Maron Kristinsson, Arnbjörn Ingi Grétarsson, Tómas Týr Tómasson, Balthasar Alexandersson, Gabriel Llorens Einarsson, Nökvi Snorrason.

Fremsta röð f.v.: Ragnar Kristinn Guðjónsson, Kristófer Aron Sigurjónsson, Hrannar Þór Svansson, Gísli Stefán Gíslason, Jón Agnar Þórarinnsson, Ragnar Páll Aðalsteinsson, Mikael Örn Hilmarrson, Bjarni Snær Skarphéðinsson, Daði Snær Viktorsson, Viktor Örn Einarsson, Elvar Daði Gíslason.

Á myndina vantar: Mateusz Dominik og Mateusz Kuptel.



2. EGK

Aftasta röð f.v.: Karen Lind Ólafsdóttir, Nadeen Anwar Ahmad Al Yousif, Berglíd Huld Víctorsdóttir, Trausti Thorlacius, Hekor Bergmann Gardarsson, Gyldi Kristinn Gardarsson, Þórður Ingi Hjaltason, Hjalti Rafn Kristjánsson, Dagur Karl Lindal Prastarson, Adrian Pawelczyk, Arnar Freyr Brynjólfsson, Pétur Jóhannes Óskarsson, Ragnheiður Gunnarsdóttir, Baldur Freyr Birgisson, Elisabet María Jóhannsdóttir, Eygló Karlsdóttir.

Önnur röð f.v.: Nikulás Mýrdal Sigurðsson, Birkir Halldórsson, Kári Kristvinsson, Daði Freyr Gunnarsson, Nína Dögg Hilmarisdóttir, Ragnheiður Hjálmarisdóttir, Jóel Þór Jóhannesson, Elsa Maren Steinarsdóttir, Katrín María Ómarsdóttir, Björk Davíðsdóttir, Elvira Agla Gunnarsdóttir, Jóel Duranona, Kolbeinn Tumi Sveinsson, Þórður Freyr Jónsson, Birkir Atli Brynjarsson, Victoria Þórey Þórðardóttir, Ummur Ósk Ragnarsdóttir, Raket Mírra Njálisdóttir, Sigrún Dóra Jónsdóttir, Ragnheiður Þórðardóttir.

Þriðja röð frá vinstri: Gunnhildur Björnsdóttir, Hanna bergrós Gunnarsdóttir, Hekla Kristleifsdóttir, Gyða Alexandersdóttir, Gísli Fannar Ottesen, Pálmi Rúnar Ísólffsson, Alex Tristan Sigurjónsson, Thelma Björg Rafnkelsdóttir, Ylfa Laxdal Unnarsdóttir, Raket Katrín Sindradóttir, Haukur Andri Haraldsson, Tristan Sölví Jóhannsson, Júlíus Duranona, Arnar Gauí Björnsson, Gísli Freyr Þorsteinsson, Óskar Gísli Búason, Daniel Breki Bjarkason, Daniel Prizgínas.

Nedsta röð f.v.: Logi Mar Hjaltested, Ragna Sól Karlsdóttir, Guðmundur Skarphéðim Gíslason, Pálmi Þór Bergþóruson, Daði Már Alfréðsson, Ólafur Bjarki Stefánsson, Nói Claxton, Almar Kári Ásgeirsson, Rósa Kristín Hafsteinsdóttir, Málfríður Júlía Ingvarsdóttir, Katrín Fjóra Ásgeirsdóttir, Hafrún Tinna Hafsteinsdóttir, Íris Raket Aðalsteinsdóttir.



3. EBD

Aftasta röð f.v.: Ingi Þór Sigurðsson, Bjarki Brynjarsson, Gylfi Borgþór Sigurðsson, Arthúr Bjarni Magnason, Elin Björk Davíðsdóttir umsjónarkennari.

Miðröð f.v.: Alexandra Ósk Reynisson, Ragnheiður Karen Ólafsdóttir, Ármann Ingi Finnbogason, Ólafur Haukur Ariliusson, María Rún Ellertsdóttir, Brynhildur Helga Víktorsdóttir, Baldur Freyr Gylfason.

Fremsta röð f.v.: Eyþór Atli Árnason, Róbert Leó Gíslason, Kristófer Áki Hlinason, Ingveldur María Sigurðardóttir, Davíð Emir Jónsson, Ástíðis María Guðjónsdóttir.

Fjarverandi voru: Anna Lilja Lárusdóttir, Dagbjört Líf Guðmundsdóttir.



3. MRJ

Aftasta röð f.v.: Aníta Sól Gunnarsdóttir, Íris Rán Kristinsdóttir, Krístrún Lára Bjarnadóttir, Ólafur Ían Brynjarsson, Rúna Björk Guðmundsdóttir, Aron Elvar Dagsson
Miðröð f.v.: Auður Þórhallsdóttir, Gabriela Pawelczyk, Jóhannes Breki Harðarson, Gabriel Þór Þórðarson, Hrafkell Váli Valgarðsson, Ellert Lár Hannesson

Fremsta röð f.v.: Margrét Rós Jósefsdóttir umsjónarkennari, Hafþór Örn Arnarson, Una Þórdís Guðmundsdóttir, Andrea Kristín Ármannsdóttir, Róbert Björnsson, Sindri Freyr Daniélfsson

Fjarverandi voru: Rebekka Rán Aradóttir og Hrafnhildur Hannibalsdóttir stuðningsfulltrúi

3. IHÓ

Aftasta röð f.v.: Ingibjörg Harpa Ólafsdóttir umsjónarkennari, Tania Sól Ragnarsdóttir, Bergur Breki Stefánsson, Marey Edda Helgadóttir, Birnir Már Þorvaldsson, Auður Elsa Kristjánsdóttir, Einar Óli Hjaltason.

Miðröð f.v.: Friðmey Ásgrímsdóttir, Sindri Dagur Sigurðsson, Margrét Lilja Jónsdóttir, Viktor Ívan Einarsson, Harpa Ósk Svansdóttir, Baldur Páll Stefánsson.

Fremsta röð f.v.: Elisa Margrét Marteinsdóttir, Guðmundur Sveinn Gunnarsson, Elísabet Eir Magnúsdóttir, Maron Reynir Sigurðarson, Elsa María Einarisdóttir, Matthías Smári Sighvatsson.



4. ESÓ

Aftasta röð f.v.: Ingimar Elfar Ágústsson, Dagný Eva Snorradóttir, Helena Rós Sævarsdóttir, Mirra Björt Hjartardóttir, Eiríkur Snjólfsson, Jóhannes Einarsson.

Miðröð f.v.: Björn Viktor Viktorsson, Hákon Amar Haraldsson, Hekla María Arnardóttir, Sölvi Blær Samúelsson, Árni Salvar Heimisson, Haukur Logi Einarsson, Helgi Rafn Bergþórsson, Eyrún Sif Ólafsdóttir umsjónarkennari.

Fremsta röð f.v.: Almar Daði Kristinsson, Matýlda Magdalena Pilecka, Ásdís Ýr Þorgrímsdóttir, Embla Rún Mýrdal Sigurðardóttir, Védís Agla Reynisdóttir, Katrín Lea Daðadóttir, Engilbert Ólafsson.
Fjarverandi var: Gabriel Ísak Valgeirsson.





4. EP

Aftasta röð f.v. Arndis Lilja Eggertsdóttir, Lilja Björg Ólafsdóttir, Paula Gaciarska, Sigrún Freyja Hrnarnsdóttir, Þorgeir Örn Bjarkason, Fannar Björnsson, Grétar Þór Rósant Söndruson.

Miðröð f.v.: Viktoría Pálsdóttir, Fríða Sif Atladóttir, Krissý van den Berg, Þorgerður Bjarnadóttir, Guðný Sigurrós Jóhannsdóttir, Tómas Þórisson, Magnús Máni Sæmundsson, Róbert Máni Gunnarsson.

Fremsta röð f.v.: Eyrún Helga Þorleifsdóttir, Maryam Anwar Nassar, Ásrún Heimisdóttir, Krístrún Bára Guðjónsdóttir, Sigríður Freyja Hallgrímsdóttir, Heiðar Logi Hjálmarsson, Filip Fiolna.

Fjarverandi er: Ingibergur Valgarðsson

4. VH

Aftasta röð f.v.: Szymon Pawelczyk, Sólrún Lilja Finnbogadóttir, Thelma Rós Ragnarsdóttir, Viktor Bjarki Benjamínsson, Lára Jakobína Gunnarsdóttir, Mohammad Al Eedi.

Miðröð f.v.: Ásgeir Axel Torfason, Árdís Eyja Kjartansdóttir, Jóhann Magni Eggertsson, Elmar Bragi Gunnarsson, Guðlaug Sara Gunnarsdóttir, Ngozi Jóhanna Eze, Sara Lind Atladóttir.

Fremsta röð f.v.: Guðmundur Már Jóhannsson, Hreimur Óskar Karlsson, Sigurður Andri Óskarsson, Róbert Kári Óskarsson, Oliver Snaer Ólason, Aron Helgi Halldórsson, Maren Lind Steinþórsdóttir.

Fjarverandi voru: Aldis Mjöll Hlynisdóttir og Thelma Rut Bjarnadóttir.



5. IE

Aftasta röð f.v.: Melinda Máney Elíasdóttir, Sigrún Eva Sigurðardóttir, Dagný Halldórsdóttir, Anna Þóra Hannesdóttir, Kolbeinn Tumi Kristjánsson, Ísak Örn Elvarsson, Nökkvi Máni Guðmundsson.

Miðröð f.v.:

Ingibjörg Eggertsdóttir, Andri Páll Einarsson, Oliver Helgi Pálsson, Niko Kilian, Ísak Bergmann Jóhannesson, Bára Valdis Ármannsdóttir, Ragnheiður Helga Sigurgeirsdóttir, Enrique Snaer Llorens,

Fremsta röð f.v.: Alexander Aron Bjarnason, Nikulás Ísar Bjarkason, Júlíus Emil Baldursson, Oliver Stefánsson, Arnþór Helgi Gíslason, Helgi Reyfr Guðnason.



5. SÓ

Aftasta röð f.v.: Katrín Eva Einarsdóttir, Ásgerður Jing Laufeyjardóttir, Aron Snær Guðjónsson, Karl Ívar Karlsson, Natalia Palinska,

Miðröð f.v.: Oliwia Malczyk, Halldór Andri Guðmundsson, Hafþór Ingi Hardarson, Patrekur Orri Unnarsson, Þorgils Sigurþórsson, Kristófer Leon Ívarsson,

Fremsta röð f.v.: Sigríður G. Ólafsdóttir, Ástrós Elisabet Ástþórsdóttir, Heiður Dis Kristjánsdóttir, Finnbogi Laxdal Aðalgeirsson, Arnar Már Kárason, Matt-hildur Hafliðadóttir, Heba Bjarg Einarssdóttir. Fjarverandi voru: Óðinn Örn Óskarsson, Sigurrós Vestmann Þórðardóttir, Hilmar Andri Asðisarson.

5. LJ

Aftasta röð f.v.: Dominik Pstragowski, Jón Birkir Þorbjörnsson, Ástþór Vilmar Brynjólfsson, Steinar Daði Hjaltason og Guðmundur Valgeir Guðbergsson og Daniel Þór Gunnarsson.

Miðröð f.v.: Árný Stefanía I. Ottesen, Erla Karitas Jóhannesdóttir, Sigríður V. Líndal Ævarsdóttir, Ronja Rut Hjartardóttir, Gylfi Karlsson og Röbert Rögnvaldsson.

Fremsta röð f.v.: Lovísa Jóhannesdóttir, Erna Björt Elíasdóttir, Selma Dögg Þorsteinsdóttir, Weronika Anna Latka og Brynhildur Björk Magnúsdóttir



6. HJ

Aftast röð f.v.: Yasmin Emma, María Mist, Sjöfn Sólveig, Magnús Þór, Hlödver Már, Árni Þórir, Gísli Laxdal og Marvín Darrí.

Miðröð f.v.: Sæþór Kristinn, Gréta María, Mikael Hrafn, Marín Birta, Klara, Birgitta Nótt, Amalía Rut, Nikola og umsjónar-kennari Hrafnhildur Jónsdóttir.

Nedsta röð f.v.: Gróa Dagmar, Steindór Gauti, Amalía Sif, Katla Kristín, Ida Mýrdal, Katrín Helga og Óttar Bergmann.





6. BP

Aftasta röð f.v.: Karen Rut Finnbogadóttir, Katrín María Óskarsdóttir, Heiður Ósk Ólafsdóttir, Ásta María Búadóttir, Telma Guðrún Jónsdóttir, Aþena ósk Eiríksdóttir og Guðmundur Þór Hannesson.

Miðröð f.v.: Gabriel Andri Hafþórsson, Emil Þór Guðmundsson, Brynjar Már Ellertsson, Benjamin Kristinn Sigurjónsson, Brynhildur Traustadóttir, Helga Dís Brynjólfsdóttir, Viktor Theodórsson og Berglind Þráinsdóttir umsjónarkennari.

Neðsta röð f.v.: Brynjar Örn Hilmarsson, Ylfa Claxton, Róberta Lilja Ísólfsdóttir, Ólöf Rún Guðmundsdóttir, Bjarki Þór Ólason og Elina Victoria Pavlova.

6. CBR

Aftasta röð f.v.: Hafsteinn Orri Hilmarsson, Birkir Daði Jónsson, Mikael Sævarsson, Daniel Ragnar Luid Guðmundsson, Pawel Bortkun, Daria Fijal og Paulina Jolanta Latka

Miðröð f.v.: Christel Björg Rúðolfsdóttir umsjónarkennari, Aron Sædal Karlsson, Nathanael Bergmann Gunnarsson, Marteinn Theodórsson, Orri Hermannsson, Oddur Gíslason, Svanfríður Erla Heiðarsdóttir og María Dís Einarsdóttir

Neðsta röð f.v.: Haukur Stefán Jakobsson, Pétur Vilberg Bergsteinsson, Ægir Sölvi Egilsson, Ísabella Cabrita, Eva María Jónsdóttir, Erika Bjarkardóttir og Vilborg Lind Gunnarsdóttir

Á myndina vantar: Birkir Gunnlaugsson og Valentínus Hauksson



7. EPS

Aftasta röð f.v.: Verónika Lind Elfarsdóttir, Logi Breiðfjörð Franklínsson, Alex Jimma Johnsson, Kristmann Dagur Einarsson, Sólon Ívar Símonarson, Andri Freyr Eggertsson, Aron Bjarki Kristjánsson, Bjartur Finnbogason

Miðröð f.v.: Elis Þór Sigurðsson kennari, Kamil Swistowski, Nicole Candrejo, Katrín Sól Þórdardóttir, Ylfa Örku Davíðsdóttir, Íris Edda Steinþórsdóttir, Hafdis Guðrún Halldórsdóttir, Anna Berta Heimisdóttir, Guðný Stefánsdóttir stuðningsfulltrúi.

Fremsta röð f.v.: Oskar Wasilewski, Adalheiður K. Kristjándóttir, Helena Dögg Einarsdóttir, Sunna Pétursdóttir, Karen Þórisdóttir, Sindri Snær Alfreðsson.

Fjarverandi: Jón Gísli Sigurðsson.



7.UÁ

Aftasta röð f.v.: Wiktoria Kostewicz, Amelija Prizgiaite, Harpa Kristný Sturlaugsdóttir, Áslaug Margrét Gísladóttir, Droplaug Hafliðadóttir, Bjarney Helga Guðjónsdóttir, Telma Maren Antonsdóttir, Ísak Máni Sævarsson, Helgi Rafn Rafnkelsson.

Miðröð f.v.: Ursula Ásgrímsdóttir, Aron Eli Eyþórsson, Jón Karl Traustason, Atli Teitur Brynjarsson, Þór Llorens Þórðarson, Sigurður Hrannar Þorsteinsson, Fylkir Jóhannsson, Björn Máni Andrason, Hekla Alexía Samúelsdóttir

Fremsta röð f.v.: Helga Rún Hafþórsdóttir, Nína Alexandra Bialonczyk, Hulda Sigríður Höskuldadóttir, Fríða Halldórsdóttir, Ólöf Gunnarsdóttir, Júlía Rós Þorsteinsdóttir, Arna Berg Steinarsdóttir, Agnes Rós Sveinbjörnsdóttir.

Fjarverandi: Jón Mýrdal Bððvarsson

8.HDG

Aftasta röð f.v.: Jóhannes Valur, Aron Steinn, Dagmar Sara, Una Lára, Eva María, Ásthór Ýmir, Almar, Hilmar

Miðröð f.v.: Hjördis Dögg, Auður Marín, Svandís, Selma Briet, Linda Ósk, Anna Lilja, Arnór, Ólafur Tryggvi

Fremsta röð f.v.: Jóhannes Freyr, Bryndís Jóna, Auðun Ingi, Helgi Laxdal, Sandra Ósk, Sveinn Logi, Róbert Ísak.

Fjarverandi var: Ólafur Ingi Ásgeirsson



8. MÁ

Aftasta röð f.v.: Sigurjón Ari Guðmundsson, Eiður Andri Guðlaugsson, Hallur Bjarnason, Daníel Aron Jónsson, Sigurður Gréttar Gunnarsson, Gilmar Þór Benediktsson, Marvín Daði Ægisson, Omar Auvar Nassar.

Miðröð f.v.: Katarína Stefánsdóttir, Ágústa Margrét Björnsdóttir, Dagný Björk Garðarsdóttir, Alexía Mist Baldursdóttir, María Edda Sverrisdóttir, Lúisa Heiður Guðnadóttir, Andrea Ýr Reynisdóttir, Karólína Andrea Gísladóttir, Embla Kristín Kristinsdóttir.

Fremsta röð f.v.: Haraldur Sturlaugsson, Aron Máni Alfredsson, Hervar Gunnarsson, Einar Björn Þorgrímsson, Alex Mar Bjarkason, Valfríður Guðmey Haraldsdóttir, Margrét Akadóttir umsjónarkennari.





8. SG

Aftasta röð f.v.: Oliwia Sawicka, Karítas Líf Elvarsdóttir, Árni Snær Fjalarsson, Ragna Dís Sveinbjörnsdóttir, Katrín Drafnardóttir McConnell, Grétar Júlíus Þorsteinsson, Arnar Gunnarsson.

Miðröð f.v.: Caeper Filip Szwaba, Matthías Þorbergur Pálsson, Grímur Ingi Einarsson, Aron Már Björnsson, Magnea Rós Gunnarsdóttir, Harpa Rós Gunnarsdóttir, Sóley Rún Einarisdóttir.

Fremsta röð f.v.: Steinunn Guðmundsdóttir, Tómas Andri Jörgenson, Símon Orri Jóhannsson, Kristófer Jimma Johnsson, Óskar Dagur Marteinsson.

Fjarverandi: Guðmundur Kári Þorgrímsson.

9. MKÓ

Aftasta röð f.v.: Erlendur Rúnar Reymisson, Stefán Kaprasíus Gardarsson, Ísak Darri Þorsteinsson, Júlía Björk Gunnarsdóttir, Daniel Hjörvar Guðmundsson, Sveinn Þór Þorvaldsson, Weronika Pawelczyk.

Miðröð f.v.: Þórir Halldórsson, Alexander Örn Kárason, Helgi Arnar Jónsson, Ásthildur Jóna Haraldsdóttir, Jón Hjörvar Valgardsson, Árni Teitur Lindal Prastarson.

Fremsta röð f.v.: Friðrik Snær Ómarsson, Sunna Rós Sigmundsdóttir, María Kristín Óskarsdóttir, Magðalena Lára Sigurðardóttir, Heiðbjört Dís Sturludóttir, Daniel Andri Valdimarsson.

Fjarverandi voru: Aðalsteinn Maron Árnason, Hreiðar Henning Guðmundsson, Karen Þöll Jensdóttir, Óskar Þór Eiríksson,



9. FE

Aftasta röð f.v.: Elvar Már Sturlaugsson, Karítas Eva Svavarsdóttir, Anna Chukuumonso Eze, Hildur Ýr Eiríksdóttir, Leó Snær Guðmundsson, Hafliði Már Höskuldsson, Yrsa Katrín Karlsdóttir.

Miðröð f.v.: Guðlaug Ásrún Grétarsdóttir, Selma Rögnvaldsdóttir, Ingibjörg Elín Jónsdóttir, Hilmar Örn Jónsson, Marínó Hrafnar Hjaltason, Hrafnhildur Arin Sigfúsdóttir, Guðný Rós Jónsdóttir, Svanhildur Skarphéðinsdóttir.

Fremsta röð f.v.: Axel Guðni Sigurðsson, Gísli Valur Gíslason, Jón Gunnar Hafsteinsson, Ísak Þórhallsson, Áspór Ísak Jökulsson, Birna Sjöfn Pétursdóttir, Aldís Eir Valgeirsdóttir.



9. VLJ

Aftasta röð f.v.: Ragnar Bragi Hansson, Sindri Þór Harðarson, Jón Helgi Sævarsson, Gylfi Brynjar Stefánsson, Sindri Snær Magnússon, Darja Kozlova, Rakel Ýr Guðlaugsdóttir, Thelma Björk Jónsdóttir.

Miðröð f.v.: Valgarður Lyngdal Jónsson umsjónarkennari, Axel Fannar Elvarsson, Stefán Teitur Þórðarson, Una Lilja Jónsdóttir, Ásgrímur Óskar Jóhannesson, Hjördis Rósa Ernisdóttir, Katrín Jóna Ólafsdóttir, Blaise Palmer Casanova.

Fremsta röð f.v.: Alla Sigurðardóttir skólalið, Jan Simon Bortkun, Eggert Halldórsson, Sara Katrín Benediktsdóttir, Linda María Rögnvaldsdóttir, Eva Mjöll Árnadóttir.

Fjarverandi voru: Guðmundur Sigurbjörnsson, Jóhannes Garðar Jóhannesson, Jónsís Hálfðánsdóttir, Karen Þóll Jensdóttir og Ríkharður Árnason

Pistill frá nemendaráði

Skólaárið 2012-2013 var viðburðaríkt og skemmtilegt í heildina titið. Þetta var mikil og krefjandi vinna en öll þess virði.

Öll böllin sem við sáum um heppnuðust vel, þau voru Vetrarballið, Jólballið og árhátíðin. Einnig héldum við alls konar mót, eins og Olsen Olsen mót, Minute to win it, spurningakeppni og borðtennismót.

Við héldum uppi þeirri hefð að panta skóla-peysur, þar sem þrjú ár voru liðin frá því það var gert síðast. Í þetta skiptið gerðum við þó meira úr þessu en áður og buðum öllum nemendum skólans að kaupa. Það gekk rosalega vel.

Fyrir jól héldum við kósídag í skólanum á skólatíma. Það var kókukeppni, sýndar kvikmyndir, spilað og slakað á eftir jólaþrófin.

Eftir lokaprófin héldum við opið hús í skólanum sem líkist kósídegnum fyrir jól, nema að það var um kvöld. Við buðum upp á förðunar- og bollakökunámskeið, héldum FIFA-mót auk þess sem við seldum Candy Floss. Þetta var vel sótt og heppnaðist frábærlega.

Vikuna fyrir árhátíðina voru skólaskipti sem áttu að þjappa unglingshóp bæjarins betur saman. Það gekk vonum frammar og nemendur tóku vel í skiptin.

Við gáfum afmælisbörnunum kórónu á afmælisdaginn og bollaköku á föstudeginum í sömu viku. Eflaust fór eitthvað framhjá okkur sem okkur þykir mjög leitt. En mikil vinna fór í þetta hjá okkur formönnunum en það bætast upp fyrir það með því að geta glatt aðra.





A
C
T
I
V
I
T
Y
Z
Z



Grundaskóli
Akranesi